

GJALDSKRÁ

**fyrir byggingarleyfis-/heimildar-, framkvæmda-,
skipulags- og þjónustugjöld í Strandabyggð.**

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis/heimildar, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfis-/heimildargjöld.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr., sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

	Kr.
2.1 Íbúðarhúsnæði:	
Einbýlishús	198.992
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	167.570
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	142.702
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	120.936
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri	102.487
2.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:	
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur allt að 500 m ²	198.992
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur stærri en 500 m ²	242.890
2.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:	
Fristundahús stærri en 50 m ²	198.992
Smáhýsi frá 15 m ² að 25 m ² (aukahús við fristunda- og íbúðarhús)	49.748
Fristundahús 25-50 m ²	99.485
Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar að 20 m ²	49.748
Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar 20-100 m ²	99.496
Viðbyggingar stærri en 100 m ² bera sömu gjöld og nýbyggingar	
Vélagæmslur/korngæmslur allt að 300 m ²	112.259
Fjárhús, fjós og hesthús eða sambærileg hús allt að 300 m ² , ef stærra en 300 m ² , gildir það sama og atvinnuhúsnæði	112.259
Gróðurhús allt að 300 m ² (ef stærra en 300 m ² , gildir það sama og atvinnuhúsnæði)	112.259
Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði Strandabyggðar fullbúin og sett á undirstöður	99.496

3. gr.

Þjónustugjöld.

- 3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir:

	Kr.
3.1.1 Afgreiðslugjald	13.659
3.1.2 Endurskoðun aðaluppdráttu	17.132
3.1.3 Breytt notkun á mannvirkjum	68.053
3.1.4 Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	44.140
3.1.5 Úttekt vegna meistaraskipta eða byggingastjóranskipta	44.140

3.1.6	Úttekt vegna rekstrarleyfis	44.140
3.1.7	Húsaleiguúttektir á íbúðar- eða atvinnuhúsnæði	44.140
3.1.8	Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga 1-5 fastanúmer í húsi	44.140
3.1.9	Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fastanúmer > 5	5.685
3.1.10	Tímabundin stöðuleyfi	26.428
3.1.11	Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar, óendurkræft	34.563
3.1.12	Breyting og gerð á nýjum lóðarsamningi	49.073
3.1.13	Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	28.059
3.1.14	Aukaúttekt	15.561
3.1.15	Aukamæling á útsetningu húss	76.303
3.1.16	GPS mæling/lóðauppdráttur (4-6 punktar)	67.328
3.1.17	Stofnun lóðar	44.614
3.1.18	Niðurrif mannvirkja	13.659

Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum fer eftir gjaldskrá skrifstofu Strandabyggðar. Þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga bætist við innheimtu ef um slíkt er að ræða.

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

- 4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir: Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.
- 4.2 Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.
- 4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótartímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 13.615 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.
- Kostnaður vegna skipulagsvinnu:*
- 4.4 Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:
- | | | |
|--|-----|---------|
| Afgreiðslugjald, greitt við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi eða skipulagsbreytingu | Kr. | 13.615 |
| Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst. | | 13.615 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. | | 403.961 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. | | 269.311 |
- 4.5 Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:
- | | | |
|---|--|---------|
| Afgreiðslugjald | | 13.615 |
| Nýtt deiliskipulag, sbr. 38. gr. skipulagslaga, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst. | | 13.615 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. | | 179.537 |
- 4.6 Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:
- | | | |
|--|--|---------|
| Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst. | | 13.615 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. | | 179.537 |
- 4.7 Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:
- | | | |
|--|--|---------|
| Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði viðmiðunargjald pr. klst. | | 13.615 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. | | 179.537 |
- 4.8 Kostnaður vegna grenndarkynningar:
- | | | |
|------------------------------|--|--------|
| Grenndarkynning | | 59.835 |
| Grenndarkynning, minniháttar | | 25.952 |

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

- 4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
- 4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.
- 4.11 Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.
- 4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.
- 4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:
- | | |
|--|--------|
| Afgreiðslugjald | 13.615 |
| Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst. | 13.615 |
| Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, pr. klst. | 13.615 |
| Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi | 13.615 |
| Umsýsla og yfirferð gagna | 13.615 |
| Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar | 20.948 |
| Áfangaúttekt | 54.012 |

5. gr.

Gjalddagi, lögveð.

- 5.1 Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn sé dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2022 sem er 110,6 stig og grunnur 2021 og breytist 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar þann 11. október 2022 er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis, nr. 134/2022.

Strandabyggð, 9. janúar 2023.

Þorgeir Pálsson sveitarstjóri.